

Fundargerð verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands 2015

nr. 6

Austurvegi 56, 23. september, kl. 12:00

Mætt voru: Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður verkefnastjórnar, Páll Marvin Jónsson (í fjarfundi), Runólfur Sigursveinsson, Bryndís Björk Hólmarsdóttir og Guðrún Hafsteinsdóttir. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS og Þórður F. Sigurðsson verkefnisstjóri Sóknaráætlunar, sem jafnframt ritaði fundargerð. Bjarni vék af fundi eftir afgreiðslu liðar nr. 3 og Guðrún vék af fundi eftir afgreiðslu liðar nr. 5.

Uppbyggingarsjóður:

1. Haust úthlutun 2015

Samþykkt áætlun um að veita 34,5 milljónum króna úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands í síðari úthlutun ársins. Áætluð skipting er 21 mkr. til nýsköpunarverkefna og 13,5 mkr. til menningarverkefna. Hærri upphæðir til nýsköpunarverkefna skýrast af óúthlutuðu fé til málaflokksins frá síðasta ári. Af fjármunum til menningarverkefna eru 1,5 milljónir til komnar vegna samnings við Rarik um stuðning þeirra við menningarstarf á Suðurlandi. Auglýst verður eftir umsóknum frá og með fyrstu vikunni í október og opið verður fyrir umsóknir í um 5 vikur að þessu sinni. Með lengri umsóknartíma er vonast til að ráðgjöfum gefist meiri tími til að aðstoða umsækjendur við mótun verkefna og gerð umsókna.

2. Staða eldri styrkveitinga

Af 93 styrkveitingum í síðustu úthlutun er ólokin samningsgerð vegna 9 verkefna. Verkefnum sem er ólokið (styrkveitingar sem ekki hafa lokið með skil á lokaskýrslu eða niðurfellingu) eru alls 174 verkefni. Verkefnum sem er ólokið frá síðasta ári og árunum þar á undan eru 94. Þar af 78 menningarverkefni og 16 nýsköpunarverkefni. Af nýsköpunarverkefnum er einu verkefni ólokið frá 2012, 7 verkefnum frá 2013 og 8 verkefnum ólokið frá 2014. Af menningarverkefnum eru tveimur verkefnum ólokið frá 2010, 7 frá 2011, 9 frá 2012, 21 frá 2013 og 39 verkefnum ólokið frá 2014. Unnið er að frágangi eldri styrkveitinga. Núverandi úthlutunarreglur, samningar vegna nýsköpunarverkefna frá árinu 2013 og samningar vegna menningarverkefna frá þessu ári, eiga að koma í veg fyrir verulegan drátt á verkefnum.

3. Athugasemdir við úthlutun

Minnisblað verkefnisstjóra lagt fram til kynningar.

Afstaða verkefnastjórnar er að halda úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðsins óbreyttum. Áfram er megin áherslan sú að verkefni falli að markmiðum og áherslum Uppbyggingarsjóðsins. Stjórnin hvetur stofnanir til að leita samstarfs í grasrótinni og stuðla þannig að aukinni nýsköpun og fjölbreytni í menningar- og atvinnumálum á Suðurlandi.

4. Könnun meðal styrkþega

Spurningarlisti lagður fram til kynningar sem sendur verður styrkþegum á næstu dögum. Niðurstöðurnar verða lagðar fram til kynningar á næsta fundi.

Stefnumörkun og áhersluverkefni:

5. Niðurstöður samráðsvettvangsins

Stefnumörkun Suðurlands lögð fram til kynningar og hún samþykkt með einni breytingu. Verkefnisstjóra falið að kynna stefnumörkunina og auglýsa eftir tillögum að áhersluverkefnum sem uppfylla eiga markmið og áherslur stefnumörkunarinnar.

6. Áhersluverkefni 2015

Af þeim fjórum verkefnum sem er ólokið liggur fyrir fundinn ein verkefnisáætlun, vegna verkefnisins; „Kirkjubæjastofa“. Verkefnisstjórn samþykkir verkefnisáætlunina. Lagt fram minnisblað frá Eirný Vals vegna verkefnis um uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu. Verkefnisstjóra falið að óska eftir að fulltrúi Fræðslunetsins komi inn á næsta fund verkefnastjórnar.

7. Skipan starfshópa

Verkefnisstjóra og framkvæmdarstjóra falið að skipa þrjá 5-7 manna starfshópa. Einn starfshópur á sviði menningarmála, annan á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og þann þriðja á sviði menntunar, mannauðs og lýðfræðilegrar þróunar. Verður starfshópunum falið að vinna að tillögum að áhersluverkefnum sem uppfylla eiga markmið og áherslur stefnumörkunar landshlutans og opinberrar stefnumörkunar í þeim málaflokkum sem það á við um. Einnig verður starfshópunum gert að taka til umfjöllunar innsendar tillögur sem berast SASS á þeim tíma sem starfshóparnir verða að störfum. Tillögur starfshópanna verða svo lagðar fyrir verkefnastjórn til umfjöllunar í framhaldi.

Almennt:

8. Starfsáætlun verkefnastjórnar

Næstu fundir áætlaðir;

Fös. 9. okt. Kl. 12:00

Fös. 20. nóv. kl. 12:00

Fös. 11. des. kl. 12:00

9. Samskipti við ráðuneyti o.fl.

Svar frá stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál er varðar Sóknaráætlun Suðurlands 2015 – 2019. Stýrihópurinn gerir ekki athugasemdir við þau áhersluverkefni sem skilgreind eru í Sóknaráætlun Suðurlands 2015 til 2019. Verkefnastjórnin metur það sem svo að stýrihópurinn samþykki þar með áhersluverkefnin, sem er hlutverk stýrihópsins skv. samningi SASS um Sóknaráætlun Suðurlands 2015 til 2019.

10. Samningur við Rarik vegna menningarmála

Lagður fram til kynningar.

11. Ársreikningur Vaxtarsamnings 2014

Lagður fram til undirritunar.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:20.